

Nd.

479. Frumvarp til laga

[171. mál]

um breyting á lögum nr. 36 16. febr. 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna verði: Lánadeild smábúða.

2. gr.

Í stað orðanna „smárra íbúðarhúsa“ í 38. gr. laganna komi: smárra íbúða.

3. gr.

40. gr. laganna hljóði þannig:

Lán þau, sem lánadeild smábúða veitir, skulu tryggð með 2. veðrétti í íbúð þeirri, sem féð er lánað til. Ársvextir skulu vera $5\frac{1}{2}$ af hundraði og lánstími allt að 15 ár. Eigi má veita hærri lán til hvernar smábúðar en 30 þúsund krónur, og eigi má hvíla hærri upphæð samanlagt á fyrsta og öðrum veðrétti, smábúðar, sem lán er veitt til samkvæmt lögum þessum, en 100 þúsund krónur.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fr. þetta er flutt eftir tilmælum félagsmálaráðuneytisins, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

„Aðalatriðið í frumvarpi þessu er breyting sú, sem lagt er til, að gerð verði á 40. gr. laga nr. 36 frá 1952. Samkvæmt þessari grein má eigi hvíla hærri upphæð á fyrsta veðrétti smábúðar en 60 þúsund krónur. Þetta gildir jafnt, þótt um sé að ræða smábúðalán, sem ekki nær hámarki smábúðalána, sem vera má 30 þúsund krónur mest. Maður, sem t. d. hefur fengið 65 þúsund króna lán út á 1. veðrétt og ætti kost á 25 þúsund króna smábúðaláni, getur ekki fengið það vegna ákvæða greinarinnar um, að eigi megi hvíla meira á 1. veðrétti en 60 þúsund krónur. Þetta ákvæði þykir standa í vegi fyrir eðlilegri framkvæmd laganna. Væri því æskilegt að breyta ákvæðinu í þá átt að binda hámarkið við upphæð sá, sem samanlagt mætti hvíla á 1. og 2. veðrétti smábúðar. Er breytingin í 3. gr. frumvarpsins við þetta miðuð. Jafnframt þótti rétt að hækka hámarkið sem svarar 10 þúsund krónum út á 1. veðrétt, eða samanlagt á 1. og 2. veðrétti í 100 þúsund krónur. Er hækkun þessi gerð til samræmis við hækkandi byggingarkostnað.“

Aðrar breytingar, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, miða að samræmingu við orðalag 40. gr. laganna. Þar er talað um lán til „hvernar smábúðar“ og upphæð á fyrsta veðrétti „smábúðar“, en fyrirsögn IV. kafla hljóðar um „Lánadeild smábúðarhúsa“, og í 38. gr. er einungis rætt um lán til byggingar „smárra íbúðarhúsa“. Þetta óljósa orðalag hefur valdið ágreiningi um það, hvort smábúðalán megi lána til smábúða, sem eru fleiri saman í einni byggingu. Þegar umrædd lög voru sett á Alþingi, var gerð breyting á 40. gr., sem tryggja átti það, eftir því sem segir í greinargerð fjárhagsnefndar, sem flutti breytingartillöguna, að veita mætti smábúðalán til smábúða, þótt fleiri væru en ein í sömu byggingu. En þess var þá ekki jafnframt gætt að breyta fyrirsögn kaflans og orðalaginu í 38. gr., sem vitanlega hefði þó þurft að gera, til þess að fullt samræmi væri í þessum ákvæðum. Til þess að taka nú af allan vafa í þessu efni er lagt til, að gerðar verði þær orðalagsbreytingar, sem um getur í 1. og 2. gr. frumvarpsins.“